

GJALDSKRÁ

til innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar.

1. gr.

Þeir sem haft hafa rekstrarleyfi Fiskistofu til eldis nytjastofna sjávar frá 1. september 2003 til 31. ágúst 2004 greiði fast eftirlitsgjald og skal greiðslan innt af hendi eigi síðar en 1. nóvember 2004. Þeir sem höfðu rekstrarleyfi hluta af tímabilinu greiði fast eftirlitsgjald í hlutfalli þess tíma miðað við 40.000 kr. fyrir 365 daga.

Upphæð gjaldsins er sem hér segir:

Eldisstöðvar með leyfi til minni ársframleiðslu en 200 tonn greiði kr. 40.000.

Eldisstöðvar með leyfi til meiri ársframleiðslu en 200 tonn greiði kr. 50.000.

2. gr.

Eindagi eftirlitsgjalda skv. 1. gr. er 2. nóvember 2004 og varða vanefndir afturköllun rekstrarleyfa viðkomandi aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er af sjávarútvegsráðuneytinu að fengnum tillögum Fiskistofu, með heimild í 7. gr. laga nr. 33/2003 um eldi nytjastofna sjávar og 25. gr. reglugerðar nr. 238/2003 sem sett var á grundvelli þeirra laga, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. október 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.